



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Umræðuskjal

nr. 9/2017

Drög að reglum um útreikning á vogunarhlutfalli fjármálafyrirtækja

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 25. ágúst 2017 nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.  
Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

10. júlí 2017

REGLUR  
um útreikning á vogunarhlutfalli fjármálafyrirtækja.

1. gr.  
*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna út vogunarhlutfalli, skv. 30. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 og VII. hluta reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr.  
*Útreikningur á vogunarhlutfalli.*

Fjármálafyrirtæki skulu afmarka og reikna heildaráhættuskuldbindingar í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2015/62 um útreikning á vogunarhlutfalli.

Reikna skal fjárhæðir vegna afleiðusamninga, endurhverfra verðbréfaviðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga/lántöku, samninga með löngum afhendingartíma og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu á verðbréfum í samræmi við 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

3. gr.  
*Birting framseldrar reglugerðar.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 frá 10. október 2014 að því er varðar vogunarhlutfall, sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af framseldri reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1485439636748&uri=CELEX:32015R0062>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 11, þann 17. janúar 2015, bls. 37-43.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 117. gr. c laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 30. september 2017.*